

Rekstrarleyfi farmflutninga

- Ef umsækjandi er ekki þegar með almennt rekstrarleyfi, kemur hann til Samgöngustofu og sækir um almennt rekstrarleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með leyfið eða með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um almennt rekstrarleyfi, ásamt þeirri bifreið sem á að skrá undir leyfið.
- Ökutækið þarf að vera með gilda skoðun og má ekki vera í notkunarflokkinum „Fornbifreið“.
- Skoðunarstöð límir viðeigandi skoðunarmiða („**Rekstrarleyfi farmflutninga**“) í framrúðuna bifreiðarinnar.
- Umsækjandi skráir ökutækið undir almenna rekstrarleyfið sitt með því að senda tilkynningu á leyfisv@samgongustofa.is.
- Samgöngustofa skráir athugasemdina „**Atvinnurekstur**“ á ökutækið í ökutækjaskrá.

